



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: Enska 4. Bekkur málabrautar vorönn 2020 – ENSK20R09

Kennari: Margrét Sara Guðjónsdóttir

Markmið: Að nemendur

- efli orðaforða sinn í ensku
- öðlist yfirsýn yfir málfræði enskrar tungu
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli. Miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði
- kynnist enskum bókmenntum frá ýmsum tímum, bæði í bundnu máli og óbundnu
- efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les, skrifað sendibréf til ókunnugra og gert útdrætti úr lesnu efni.

- **Kennslugögn:**

Lesið vandlega til orðskýringa:

- **Leskaflar:** Enskir leskaflar fyrir 4. bekk málabrautar (fjölrit MR): kaflar 10-21.

Lesið efnislega:

- **Smásögur:** Enskar smásögur handa 4. bekk (fjölrit MR): One of the Virtues, The Doll's House, Lamb to the Slaughter, The Catbird Seat, The Ultimate Safari, The Lottery, The Warriors, Talking to the Dead.
- **Fields of Vision (Longman):**
What is Drama (A23-A34)
What is Fiction (A35-51, A55-A64)
Jonathan Swift (D55-D64)
Ýmis ljósrít
- **Leikrit:** The Importance of being Ernest (Oscar Wilde)
- **Bók:** Animal Farm by George Orwell
- **Önnur skrifleg og munnleg verkefni**

Námsmat: 50% námseinkunn og 50% vorpróf

Vorpróf: Enska: Skriflegt próf í 90 mínútur.

Námseinkunn: byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Ritunarverkefni 5% - Of Mice and Men 15% - Animal Farm 15% - The Importance of Being Earnest 10% - Fyrirlestur 10% - Orðaforðapróf 10% - FOV 10% - Hlustun 5% og Ástundun 20%



Menntaskólinn í Reykjavík

Athugið: Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- **Mæti nemandi bókarlaus eða án heimanáms í 3 skipti verður honum vísað úr tíma.**
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.